

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 1989

27. febrúar 1989

171

Nr. 65

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 320 000 000 kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 62 000 000 kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysaftryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 13 000 000 kr.

3. gr.

Eigin áhætta váttryggingartaka sem almennt má áskilja í ábyrgðartryggingu ökutækja, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 307 15. júní 1988, skal vera allt að 18 000 kr. ef tjónið nemur þeirri fjárhæð en ella að fullu.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. mars 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. febrúar 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.

21. febrúar 1989

Nr. 66

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 hefur verið ákveðið sem hér segir:
Fyrir full mánaðarleg afnot kr. 1500.

Auglýsing tekur gildi 1. mars 1989 og gildir þar til annað verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 21. febrúar 1989.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Þórunn J. Hafstein.